




Átthagafraeði
Grunnskóla Snæfellsbæjar



Námskrá í átthagafraeði

Skólaárið 2022 - 2023



Formáli

Árið 2009 var unnið að skólastefnu Snæfellsbæjar með aðkomu bæjarbúa. Í kjölfar þeirrar vinnu kviknaði áhugi meðal starfsfólks Grunnskóla Snæfellsbæjar á aukinni áherslu á nám nemenda um heimabyggð sína. Í framhaldinu var skipuð nefnd sem vann að því að innleiða námsgreinina áttthagafræði í grunnskólanum.

Ákveðið var að námið gæfi möguleika á uppbroti hefðbundins náms, með sérstaka áherslu á upplifun sem lykilþátt í náminu. Haustið 2009 fékk skólinn styrk úr Vonarsjóði til að búa til námskrá í áttthagafræði og tilraunaútgáfa kom út í janúar 2010. Nýjasta útgáfa námskrárinnar er fyrir skólaárið 2022-2023.

Áttthagafræði er fræðsla um grenndarsamfélagið þar sem lykilþættir eru náttúra, landafræði og saga bæjarfélagsins. Námsgreinin snýst ekki síður um að nemendur kynnist samfélagi nútímans og þeim möguleikum sem þar búa til framtíðar. Í áttthagafræði er áhersla lögð á vettvangsferðir, kynningar, viðtöl, miðlun, tjáningu og sköpun.

Lögð er áhersla á að nemendur upplifi eigið samfélag en á þann hátt er stuðlað að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir í Snæfellsbæ. Með þessu móti byggir Grunnskóli Snæfellsbæjar upp virk tengsl við nærsamfélagið og tengir nám nemenda veruleikanum í bæjarfélaginu og eykur um leið fjölbreytni í námi.

Við lok grunnskólagöngu er markmiðið að námið í áttthagafræði hafi skilað nemendum okkar góðri þekkingu á heimabyggð sinni og kennt þeim vinnubrögð sem munu nýtast þeim vel í framtíðinni, hvort sem er í frekara námi eða þátttöku í atvinnulífi.

Áttthagafræðiteymi
Grunnskóla Snæfellsbæjar



Áttthagafræði - markmið 1. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Læri örnefni í Snæfellsbæ, utan Ennis, tengi þau við staði og þekki söguna á bak við nafn þeirra.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Berjafarð

Að hausti fara nemendur og tína ber. Nemendum eru kennd heiti berjanna og lyngsins og möguleikum á nýtingu þeirra.

Heimsóknir í Tröðina

Farið er reglulega í Tröð yfir veturinn. Ýmis verkefni eru unnin á staðnum og nemendur fá að upplifa svæðið á sem fjölbreyttastan hátt. Nemendur vinna myndræn verkefni um sögu Traðarinnar. Myndir teknar reglulega af nemendum við ákveðið tré og skoðaðar breytingar á því eftir árstíðum.

Fuglaverkefni

Unnið er verkefni í hringekju þar sem nemendur læra um helstu einkenni og lifnaðarhætti a.m.k. tveggja fugla og læra ljóð /söngva um fugla. Vettvangsferð farin að vori til að kanna fuglalíf í Rífi. Hringekja 1. - 2. bekk.

Keflavíkurvör

Vettvangsferð að Keflavíkurvör til að skoða söguskilti staðarins og sjá kjalförin í grjótinu eftir árabátana sem komu þarna að landi áður fyrr. Upplifun við leik og fræðslu. Gengið eftir göngustíg sem liggur í átt að Keflavíkurvör.

Svöðufoss

Vettvangsferð í rútu að Svöðufossi á Breiðinni.

Gerðarlág

Falleg laut í nágrenni skólans sem nýtt er til útivistar yfir skólaárið.



Krossavík

Bekkurinn tekur Krossavík í fóstur og fer reglulega í gönguferðir, fræðist um staðinn og tínir rusl ef þörf er á.

Malarrif, Hellnar, Búðarfjara og Saxhóll

Vettvangsferð annars vegar á Malarrif (þjóðgarðsstofa/gestastofa) og Hellnar (Maríulind). Hins vegar er farið í Búðarfjöru og gengið á Saxhól. Hluti af vorferða skipulagi 1. og 2. bekkja.

Heimsókn í fjárhús

Nemendur fara í heimsókn í fjárhús í sauðburði. Hluti af vorferða skipulagi 1. og 2. bekkja.

Helstu örnefni:

- | | | |
|--|------------------------------------|------------------------------------|
| <input type="radio"/> Rif | <input type="radio"/> Hellissandur | <input type="radio"/> Keflavík |
| <input type="radio"/> Svöðufoss/Kerlingafoss | <input type="radio"/> Laxá á Breið | <input type="radio"/> Krossavík |
| <input type="radio"/> Kleinuklettur | <input type="radio"/> Hólmkelsá | <input type="radio"/> Björnssteinn |
| <input type="radio"/> Tröð | <input type="radio"/> Gerðarlág | |



Áttthagafræði - markmið 2. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Læri örnefni í Snæfellsbæ, utan Ennis, tengi þau við staði og þekki söguna á bak við nafn þeirra.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Berjafarð

Að hausti fara nemendur og tína ber. Nemendum eru kennd heiti berjanna og lyngsins og möguleikum á nýtingu þeirra.

Tröðin

Yfir veturinn er farið reglulega í Tröðina og ákveðin verkefni unnin í hverri ferð, s.s. um heiti trjáa, heiti helstu líffæri trjáa og starfsemi þeirra. Teknar eru myndir af ákveðnum runnum/trjám og fylgst með breytingum þeirra frá hausti til vors. Nemendur kynnast sögu Traðarinnar.

Höskuldará tekin í fóstur

Bekkurinn fer reglulega í gönguferðir, fræðist um staðinn og tínir rusl. Leitað að sílum og þau veidd og skoðuð ef þau finnast.

Heimsókn í fjárhús

Nemendur fara í heimsókn í fjárhús í sauðburði. Hluti af vorferða skipulagi 1. og 2. bekkja.

Fuglaverkefni

Unnið er verkefni í hringekju þar sem nemendur læra um helstu einkenni og lifnaðarhætti a.m.k. tveggja fugla og læra ljóð /söngva um fugla. Vettvangsferð farin að vori til að kanna fuglalíf í Rífi. Hringekja 1. - 2. bekk.



Malarrif, Hellnar, Búðarfjara og Saxhóll

Vettvangsferð annars vegar á Malarrif (þjóðgarðsstofa/gestastofa) og Hellnar (Maríulind). Hins vegar er farið í Búðarfjöru og gengið á Saxhól. Hluti af vorferða skipulagi 1. og 2. bekkja. 1. og 2. bekkja.

Helstu örnefni:

- | | | |
|----------------------------------|----------------------------------|---------------------------------|
| <input type="radio"/> Höskuldará | <input type="radio"/> Saxhóll | <input type="radio"/> Keflavík |
| <input type="radio"/> Hellnar | <input type="radio"/> Krossavík | <input type="radio"/> Hólmkelsá |
| <input type="radio"/> Drymbur | <input type="radio"/> Berurjóður | <input type="radio"/> Svöðufoss |
| <input type="radio"/> Hólahólar | <input type="radio"/> Tröð | |



Áttthagafræði - markmið 3. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Læri örnefni í Snæfellsbæ utan Ennis, tengi þau við staði og þekki söguna á bak við nafn þeirra.
- Þekki minnismerki í Snæfellsbæ, um hvað/hvern þau eru og staðsetningu þeirra.
- Kynnist sögu verslunar utan Ennis á árum áður.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.
- Læri að nýta sér náttúruna til matargerðar.

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Berjafarð og sultugerð

Að hausti fara nemendur og tína ber. Nemendum eru kennd heiti berjanna og lyngsins. Berin eru sultuð.

Sjómannagarðurinn, sjóminjasafnið og Þorvaldarbúð

Annars vegar er farið í Sjómannagarðinn og nemendur fá leiðsögn um safnið og fræðast um bátta, veiðarfæri og fiska í safninu. Hins vegar fá nemendur leiðsögn um Þorvaldarbúð og kynnast lífinu í gamla daga. Unnið í hringekju í 3. og 4. bekk.

Vermannaleikir

Nemendum kenndir ýmsir leikir sem vermenn stunduðu í landlegum til forna.

Verslanir og fyrirtæki áður fyrir utan Ennis

Nemendur kynnast hvar verslanir, fyrirtæki og stofnanir voru áður fyrir í Rifi og á Hellissandi með því að fara í gönguferð.

Fuglar í Snæfellsbæ

Nemendur kynna sér einn fugl að eigin vali, afla sér upplýsinga, vinna kynningu um hann og kynna fuglinn fyrir bekkjarfélögum. Fuglaskoðun og skráning á skólalóð og farið í fuglaskoðunarferð í Rif.



Minnismerki í Breiðuvík og Neshreppi utan Ennis:

Nemendur kynna minnismerkjum í Snæfellsbæ; Björnssteinn í Rifi og söguskilti um bóndabæinn í Rifi skoðað.

Örnefni í Snæfellsbæ frá Enni að Arnarstapa

Vettvangsferð að vori á valda staði. Kortavinna í tengslum við helstu örnefni svæðisins.

Lýsuhóll og Ytri-Tunga

Vettvangsferð að vori, unnið í tengslum við örnefnin. Ferð á Lýsuhól og í selafjöru í Ytri – Tungu. Hluti af vorferða skipulagi 3. og 4. bekkja.

Kartöflugarður á skólalóð

Nemendur í 3. bekk setja niður útsæði á vorin og taka upp kartöflur að hausti í 4. bekk.

Helstu örnefni

- o Djúpalón og Djúpalónssandur
- o Dritvík
- o Öndverðarnes
- o Svörtuloft
- o Eysteinsdalur
- o Búrfell



Áttthagafræði - markmið 4. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Læri örnefni í Snæfellsbæ utan Ennis, tengi þau við staði og þekki söguna á bak við nafn þeirra.
- Þekki minnismerki í Snæfellsbæ, um hvað/hvern þau eru og staðsetningu þeirra.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.
- Kynnist starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja í Snæfellsbæ.
- Læri að umgangast matjurtagarð og sjái um uppskeru.
- Þekki sögu Ingjaldshólskirkju og minnismerki við hana.
- Fáí æfingu í að koma fram sem fulltrúar skólans.
- Þekki náttúru Snæfellsbæjar utan Ennis að Breiðuvík, dýralíf, jarðfræði og flóru.

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Berjafarð

Að hausti fara nemendur og tína ber. Nemendum eru kennd heiti berjanna og lyngsins.

Sjómannagarðurinn, sjóminjasafnið og Þorvaldarbúð

Annars vegar er farið í Sjómannagarðinn og nemendur fá leiðsögn um safnið og fræðast um báta, veiðarfæri og fiska í safninu. Hins vegar fá nemendur leiðsögn um Þorvaldarbúð og kynnast lífinu í gamla daga. Unnið í hringekju í 3. og 4. bekk.

Náttúruskoðun utan Ennis að Breiðuvík

Náttúruskoðun að hausti. Steinar, fjörur, lífverur, umgengni í náttúrunni.

Grenndarskógur og útikennslustofa

Farið í útikennslustofu og hreinsað til eftir þörfum. Gróðursettar trjáplöntur og hlúð að eldri plöntum.

Upplestur á Kríubóli

Nemendum skipt í hópa, farið í leikskólann og lesið fyrir leikskólabörn.

Ingjaldshólskirkja

Vettvangsferð í Ingjaldshólskirkju. Nemendur læra um sögu kirkjunnar og þau minnismerki sem þar er að finna.



Fiskar og fiskverkun

Nemendur læra um helstu tegundir fiska, einkenni þeirra og lifnaðarhætti. Fjallað er um fiska sem finnast í Breiðafirði. Nemendur halda sýningu og kynna það sem þeir lærðu. Vettvangsferð í fiskverkun og á fiskmarkað í tengslum við þessa vinnu.

Saga Gufuskála

Nemendur læra um fiskbyrgin við Gufuskála og útræði til forna. Vettvangsferð með leiðsögn frá Þjóðgarðinum.

Minnismerki í Breiðuvík og Neshreppi utan Ennis

Nemendur þekki minnismerki á Hellissandi, um hvað eða hvern þau eru og staðsetningu þeirra. „Beðið í von“ eftir Grím Marinó Steindórsson, Lendingarsteinn, listaverkið „Sigling“ eftir Jón Gunnar Árnason, höggmyndin „Jöklarar“ eftir Ragnar Kjartansson.

Lýsuhóll og Ytri-Tunga heimsótt

Vettvangsferð að vori, unnið í tengslum við örnefni. Ferð á Lýsuhól og í selafjöru í Ytri – Tungu. Hluti af vorferða skipulagi 3. og 4. bekkja.

Kartöflugarður á skólalóð

Nemendur í 3. bekk setja niður útsæði á vorin og taka upp kartöflur að hausti í 4. bekk.

Hjólaferð

Hjólaferð á hjólastígum við þéttbýliskjarnana í Snæfellsbæ.

Helstu örnefni:

- o Ingjaldshóll og Ingjaldshólskirkja
- o Gufuskálar
- o Írskrabbunnur
- o Leikvellir á Breið
- o Balalind
- o Skarðsvík



Áttthagafræði - markmið 5. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.
- Upplifi lífríki í nánasta umhverfi með athugun á Stekkjaranum.
- Þekki sögu vitanna í Snæfellsbæ.
- Kynnist byggðasafninu í Pakkhúsinu.
- Kynnist lífi villtra dýra í Snæfellsbæ.
- Læri örnefni í Snæfellsbæ, frá Búlandshöfða að Enni, tengi þau við staði og þekki söguna á bak við nöfn þeirra.
- Kynnist Malarrífi, Lóndröngum og Þúfubjargi með heimsókn á staðina.
- Kynnist Bæjarfossinum og umhverfi hans.

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Berjaferð og sultun

Að hausti tína nemendur ber og sulta. Nemendur læra heiti berja og lyngs.

Bæjarfossinn og umhverfi hans

Vettvangsferðir, ruslatínsla eftir þörfum. Skoða Bæjarfossinn á mismunandi tímum, áhersla á árstíðabundnar breytingar (haust, vetur og vor). Tenging við ljóðið Bæjarfossinn eftir Laufeyju Júlíusdóttur frá Hítarnesi. Vinna með örnefni og örnefnaskilti við Gilið og sjónskífan á Bekknum skoðuð til að læra örnefni í umhverfinu.

Kotlækur tekinn í fóstur

Svæðið þar sem Kotlækur rennur frá Engihlíðinni og niður að tjörninni neðan við leikskólann. Bekkurinn fer reglulega í gönguferðir og tínir rusl ef þarf. Bátakeppni á læknum.

Umhirða fjörunnar á Fróðárrifinu

Farið í vettvangsferð að hausti eða vori. Upplifun af umhverfinu, fjaran hreinsuð og ruslið skoðað út frá uppruna þess. Úrvinnsla í skóla eða á staðnum.

Stekkarinn

Vettvangsferð farin að hausti eða vori að tjörninni Stekkjarinn. Nemendur kynnast lífríki í fersku vatni í nágrenni skólans.



Vitar Snæfellsbæjar, saga þeirra og hlutverk í fortíð og nútíð

Heimildarvinna þar sem nemendur kynnast vitum í Snæfellsbæ. Vettvangsferð að hausti að Öndverðarnesvita með nesti.

Pakkhús Ólafsvíkur

Heimsókn í Pakkhúsið með leiðsögn, safnmunir skoðaðir og tengdir við fortíð og nútíð.

Villt dýr í Snæfellsbæ

Nemendur kynnast helstu einkennum og lifnaðarháttum villtra dýra í nærumhverfi þeirra. Áhersla lögð á refinn auk hagamúsar, minks, rjúpu og fálkans. Nemendur kynnast sögum tengt dýrunum. Samstarf við þjóðgarðinn.

Örnefni í Snæfellsbæ

Vinna með örnefni í Snæfellsbæ á fjölbreyttan hátt.

Malarrif, Lónrangar og Þúfubjarg

Verkefni unnið í samstarfi við þjóðgarðinn að hausti eða vori. Lögð er áhersla á upplifun umhverfisins í vettvangsferð. Þúfubjarg, fuglaskoðun, Lónrangar, fjaran, Salthúsið og Malarrifsviti. Jarðsagan skoðuð og þjóðsagan um Kölska og Kolbein sögð. Gestastofan á Malarrifi heimsótt.

Helstu örnefni:

- | | | |
|------------------------------------|---------------------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> Bekkurinn | <input type="checkbox"/> Fróðárrif | <input type="checkbox"/> Ólafsvíkurenni |
| <input type="checkbox"/> Bugur | <input type="checkbox"/> Gilið | <input type="checkbox"/> Stekkjarinn |
| <input type="checkbox"/> Bugsmúli | <input type="checkbox"/> Hrói | <input type="checkbox"/> Tvísteinahlíð |
| <input type="checkbox"/> Búrfell | <input type="checkbox"/> Krókabrekkur | <input type="checkbox"/> Þúfubjarg |
| <input type="checkbox"/> Bæjarfoss | <input type="checkbox"/> Lónrangar | <input type="checkbox"/> Öndverðarnes |
| | <input type="checkbox"/> Malarrif | <input type="checkbox"/> Fálki |



Áttthagafræði - markmið 6. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Kynnist gönguleiðum í nærumhverfi sínu.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.
- Þekki náttúru Snæfellsjökuls, goðsagnir, sögur, birtingarmynd hans í listum og þýðingu hans fyrir bæjarfélagið.
- Þekki örnefni í Snæfellsbæ frá Búlandshöfða að Enni, tengi þau við staði og þekki söguna á bak við nöfn þeirra.
- Skoði minnismerki í Ólafsvík og kynnist sögunni á bak við þau.
- Þekki staðhætti og sögu á Djúpálónssandi og í Dritvík auk sögu verstöðva á utanverðu Snæfellsnesi.
- Kynnist lífi í sveit frá ólíkum hliðum og sögu Brimilsvalla.
- Vinni að ræktun grenndarskógar

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Berjaferð og sultun

Að hausti fara nemendur í berjamó og læra heiti berja og lyngs. Nýting berja í sultugerð.

Réttarskógur

Gönguferð í Réttarskóg. Þumallinn skoðaður, gengið um skógræktina og nemendur fræðast um gömlu réttina. Farið í útileiki og nesti snætt.

Umhirða fjörunnar á Fróðárrifi

Farið í vettvangsferð að hausti eða vori. Upplifun af umhverfinu, fjaran hreinsuð og ruslið skoðað út frá uppruna þess. Úrvinnsla í skóla eða á staðnum.

Snæfellsjökull

Eldfjallið Snæfellsjökull, eldgos, þjóðsögur, birtingarmynd jökulsins í listum. Hvaða þýðingu hefur Snæfellsjökull fyrir Snæfellsbæ?

Verstöðin Dritvík og þróun útgerðar

Nemendur fræðast um sögu Dritvíkur, lifnaðarhætti til forna og þátt kvenna í sjósókn, staðhætti og þjóðsögur. Búseta í kringum jökulinn skoðuð með áherslu á verstöðvar og þróun útgerðar. Sjóminjasafnið á Hellissandi heimsótt.



Minnismerki í Ólafsvík

Minnismerki í Ólafsvík skoðuð og sagan á bak við þau. Gamla kirkjan í Ólafsvík, söguskilti og rústir við bílastæði kirkjugarðsins. Minnismerki um Jóhann Jónsson í kirkjugarðinum. Minnismerki um Ottó Árnason við Bæjargilið. Sjómaðurinn í Sjómannagarðinum. Söknuður við nýja kirkjugarðinn. Söguskilti um Svaninn við Félagsheimilið Klif.

Brimilsvellir og örnefni

Vettvangsferð að vori eða hausti. Nemendur fræðast um sögu staðarins, skoða kirkjuna og þá listmuni sem þar er að finna. Hver er uppruni nafnsins Brimilsvellir? Nemendur kynnast hugtökunum óðalsbóndi, höfðingjasetur, leiguliðar, verstöð, samfélag, þurrabúðir. Fræðsla um örnefni í fjallahring Fróðárhrepps hins forna í ferðinni.

Djúpalónssandur og Dritvík

Vettvangsferð að vori í samstarfi við Þjóðgarðinn. Lögð áhersla á upplifun og samveru.

Plöntun, grisjun og ræktun grenndarskógar skólans í Ólafsvík

Vorvikuverkefni. Nemendur setja niður plöntur og hlúa að þeim eftir þörfum í samvinnu við nemendur 8. bekkjar.

Helstu örnefni:

- | | | |
|---|--------------------------------------|---|
| <input type="radio"/> Arnarverpi | <input type="radio"/> Fossá | <input type="radio"/> Tindarnir þrír á |
| <input type="radio"/> Bárðarskip | <input type="radio"/> Fróðárrif | <input type="radio"/> Jöklinum nefnast |
| <input type="radio"/> Bárðartrúss | <input type="radio"/> Hrafnabjörg | <input type="radio"/> Þúfurnar, vestur – |
| <input type="radio"/> Bugur | <input type="radio"/> Hrossabrekkur | <input type="radio"/> mið- og norðurþúfa. |
| <input type="radio"/> Búlandshöfði | <input type="radio"/> Jökulháls | <input type="radio"/> Tröllakirkja |
| <input type="radio"/> Brimilsvallabjarg | <input type="radio"/> Kerlingin | <input type="radio"/> Vatnsstígur |
| <input type="radio"/> Brimilsvellir | <input type="radio"/> Krókabrekkur | <input type="radio"/> Vallnabjarg |
| <input type="radio"/> Djúpalónssandur | <input type="radio"/> Mávahlíðarrif | <input type="radio"/> Vallnahnjúkur |
| <input type="radio"/> Dritvík | <input type="radio"/> Snæfellsjökull | <input type="radio"/> Völundarhús |
| | <input type="radio"/> Söngklettur | <input type="radio"/> Þumall |



Áttthagafræði - markmið 7. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.
- Þekki söguna um Fróðárundrin og helstu kennileiti.
- Læri um matarkistuna Breiðafjörð og helstu nýtingarstofna.
- Kynnist fiskvinnslu í Snæfellsbæ og starfsemi ólíkra fiskverkunarfyrtækja.
- Kynnist verslunarsögu Ólafsvíkur.
- Þekki sögu Ólafsvíkurkirkju og byggingarform hennar.
- Fáí æfingu í að koma fram sem fulltrúar skólans.
- Kynnist Rjúkandavirkjun, vatnsaflsvirkjun í heimabyggð.
- Þekki örnefni í Staðarsveit frá Fróðárheiði að Ölkeldu.

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Fróðá og Fróðárundrin

Nemendur kynnast Fróðárundrunum; sögustaðnum, umhverfi og sögunni gerð góð skil. Verkefni unnið út frá sögunni í skóla og farið í vettvangsferð.

Umhirða fjörunnar á Fróðárrifinu

Farið í vettvangsferð að hausti eða vori. Upplifun af umhverfinu, fjaran hreinsuð og ruslið skoðað út frá uppruna þess. Úrvinnsla í skóla eða á staðnum.

Matarkistan Breiðafjörður

Nemendur fara í vettvangsferð í Hafrannsóknastofnun, Rannsókn- og ráðgjafarstofnun Hafs og vatna og fá fræðslu um lífríki Breiðafjarðar. Áhersla lögð á upplifun.

Upplestur á Krílakoti

Nemendur lesa upp sögur fyrir leikskólabörn.

Verslunarsaga Ólafsvíkur

Nemendur kynnast því hvar verslanir hafa verið til húsa í Ólafsvík. Gengið um bæinn.



Fiskvinnsla

Nemendur kynnast sögu fiskvinnslu í Snæfellsbæ og starfsemi ólíkra fiskverkunarfyrtækja. Heimsókn í tvö fiskverkunarhús sem vinna sjávarafla með ólíkum hætti. Vettvangsferð í janúar – mars. Áhersla lögð á upplifun.

Ólafsvíkurkirkja

Vettvangsferð í kirkjuna. Áhersla lögð á sögu kirkjunnar og þau listaverk og muni sem þar er að finna. Nemendur vinna með form kirkjunnar út frá stærðfræðilegu sjónarmiði.

Rjúkandavirkjun

Vettvangsferð að stíflumannvirkjum og í stöðvarhús Rjúkandavirkjunnar. Nemendur kynnast vatnsaflsvirkjun í heimabyggð.

Staðarsveit

Vettvangsferð í Staðarsveit, Ölkelda er heimsótt, upplýsingaskilti og ölkeldan skoðuð og bragðað á ölkelduvatni. Staðarstaður heimsóttur, kirkjan skoðuð og fræðst um sögu staðarins. Farið í selafjöru að Ytri-Tungu og stoppað við Bjarnarfoss og gengið upp göngustíginn. Farið yfir örnefni og sögur tengdum þessum slóðum.

Gönguleið í Snæfellsbæ

Farnar fjölbreyttar gönguleiðir að vori í 7. - 10. bekk.

Helstu örnefni:

- | | | |
|-------------------------------------|---------------------------------|-----------------------------------|
| <input type="radio"/> Bekkurinn | <input type="radio"/> Hjartað | <input type="radio"/> Löngufjörur |
| <input type="radio"/> Breiðafjörður | <input type="radio"/> Hrói | <input type="radio"/> Mælifell |
| <input type="radio"/> Bugur | <input type="radio"/> Lýsuhóll | <input type="radio"/> Rjúkandi |
| <input type="radio"/> Forna Fróðá | <input type="radio"/> Lýsuhyrna | <input type="radio"/> Tindfell |
| <input type="radio"/> Fróðá | | <input type="radio"/> Ölkelda |



Áttthagafræði - markmið 8. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Þekki til félaga- og íþróttastarfsemi í Snæfellsbæ.
- Þekki til á Búðum, heimsæki staðinn og kirkjuna með leiðsögn.
- Fræðist um Snæfellsbæinga sem hafa skarað fram úr.
- Kynnist höfnum Snæfellsbæjar.
- Fari í helli í Þjóðgarðinum.
- Fáí þjálfun í að koma fram sem fulltrúar skólans.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.
- Læri örnefni í Snæfellsbæ, tengi þau við staði og þekki söguna á bak við nöfn þeirra.

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Hafnirnar í Snæfellsbæ

Heimildaöflun, saga, staðsetning og starfsemi. Vettvangsferð á hafnarsvæðið í Ólafsvík og Rífi, vigtarhúsin heimsótt.

Upplestur á Dvalarheimilinu Jaðri

Nemendur lesa á Dvalarheimilinu fyrir heimilisfólk, litlir hópar fara þangað við hentug tækifæri eins og fyrir stórhátíðir.

Íþróttir og félagastarfsemi í Snæfellsbæ

Nemendur kynna sér hvaða íþróttir eru stundaðar í Snæfellsbæ og hvaða félög standa á bak við þær. Fulltrúar félaga og klúbba kynna starf þeirra.

Snæfellsbæingar sem hafa skarað fram úr

Heimildaöflun, ritunarverkefni og kynning, möguleiki á að setja upp sýningu á völdum stöðum í bænum.

Búðir og Búðakirkja

Heimsókn að Búðum með leiðsögn. Nemendur kynnast sögu kirkjunnar og kirkjugarðinum og þeim er sögð sagan af Axlar-Birni. Búðahraun skoðað, gengið að Frambúðum og nemendur hreinsa fjöruna. Hótel Búðir heimsótt.



Vatnshellir

Vettvangsferð í Vatnshelli í Þjóðgarðinum með leiðsögn.

Gönguleið í Snæfellsbæ

Farnar fjölbreyttar gönguleiðir að vori í 7. - 10. bekk.

Plöntun, grisjun og ræktun grenndarskógar í Ólafsvík

Nemendur setja niður plöntur og hlúa að þeim eftir þörfum í samvinnu við 6. bekkina.

Helstu örnefni:

- | | | |
|----------------------------------|-----------------------------------|---------------------------------|
| <input type="radio"/> Arnarstapi | <input type="radio"/> Búðahraun | <input type="radio"/> Búðir |
| <input type="radio"/> Axlarhyrna | <input type="radio"/> Búðaklettur | <input type="radio"/> Breiðin |
| | | <input type="radio"/> Frambúðir |



Áttthagafræði - markmið 9. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Þekki samgöngusögu Snæfellsbæjar.
- Kynnist eldstöðvakerfi Snæfellsjökuls.
- Þekki Bárðar sögu Snæfellsáss.
- Þekki hugtakið þjóðgarður og læri þær reglur sem um slík svæði gilda.
- Kynnist störfum sjómanna með fræðslu og upplifun.
- Fari í skoðunarferð á sjó með hvalaskoðunarbat.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.
- Læri örnefni í Snæfellsbæ, tengi þau við staði og þekki söguna á bak við nöfn þeirra.

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Jarðfræði Snæfellsbæjar

Áhersla lögð á sögu eldstöðvakerfis Snæfellsjökuls og næsta nágrennis. Vettvangsferð að vori og Bárðarsaga fléttuð inn í jarðfræðina.

Bárðar saga Snæfellsáss

Nemendur fá kynningu á Bárðar sögu Snæfellsáss. Örnefni í Snæfellsbæ tengd sögunni skoðuð sérstaklega. Vettvangsferð að vori á slóðir Bárðar sögu í tengslum við jarðfræðiverkefni.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Hvað felur hugtakið þjóðgarður í sér. Hvað þýðir „friðað svæði“ og eru fleiri slík hér í Snæfellsbæ? Reglur um umgengni í þjóðgarði og þýðing þjóðgarðsins Snæfellsjökuls fyrir líf í Snæfellsbæ nútímans. Vettvangsferð í Gestastofu á Malarrífi að hausti. Verkefnið unnið í samstarfi við þjóðgarðinn.

Samgöngusaga Snæfellsbæjar

Nemendum kynntar flugsamgöngur áður fyrr í Snæfellsbæ með áherslu á flugvöllina á Rífi, Gufuskálum og Dagverðará. Fréttir tengdar flugi í sveitarfélaginu skoðaðar. Nemendur kynnast þróun samgangna við önnur svæði út frá vegalagningu í bæjarfélaginu og samgöngum á sjó.



Hvalaskoðun

Nemendur fara í hvalaskoðunarferð á vormánuðum með leiðsögn ferðarþjónustufyrirtækisins Láki Tours.

Sjómennska

Áhersla lögð á að nemendur kynnist starfi sjómanna með fræðslu og upplifun. Sjóminjasafnið á Hellissandi heimsótt.

Gönguleið í Snæfellsbæ

Farnar fjölbreyttar gönguleiðir að vori í 7. - 10. bekk.

Helstu örnefni:

- | | | |
|--|--------------------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> Bárðarkista | <input type="checkbox"/> Helguhóll | <input type="checkbox"/> Rauðfeldargjá |
| <input type="checkbox"/> Bárðarlaug | <input type="checkbox"/> Hólahólar | <input type="checkbox"/> Saxhólar |
| <input type="checkbox"/> Djúpalónssandur | <input type="checkbox"/> Laugabrekka | <input type="checkbox"/> Sölvahamar |
| <input type="checkbox"/> Dritvík | <input type="checkbox"/> Lóndrangar | <input type="checkbox"/> Sönghellir |
| <input type="checkbox"/> Ennið | <input type="checkbox"/> Móðulækur | <input type="checkbox"/> Vatnshellir |
| <input type="checkbox"/> Háahraun | <input type="checkbox"/> Prestahraun | <input type="checkbox"/> Væjuhraun |
| | | <input type="checkbox"/> Öndverðarneshólar |



Áttthagafræði - markmið 10. bekkjar

Nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu með upplifun og reynslu.
- Geri sér grein fyrir þróun byggðar í Snæfellsbæ.
- Komi fram sem fulltrúar skólans.
- Kynnist ferðapjónustu í Snæfellsbæ og hvaða upplifun er í boði.
- Kynnist starfsemi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar og þekki stjórnkerfi þess.
- Læri örnefni í Snæfellsbæ, tengi þau við staði og þekki söguna á bak við nafn þeirra.
- Taki þátt í tiltekt og þekki hlutverk sitt í umhverfisvernd.
- Kynnist fyrirtækjum og ólíkum störfum í Snæfellsbæ.
- Upplifi náttúru og kraft Snæfellsjökuls.

Helstu verkefni og viðfangsefni:

Byggðarkjarnar í nútíð og til forna

Nemendur kynnist byggð í Snæfellsbæ með áherslu á eldri byggðarkjarna og sameiningu sveitarfélaga sem mynda í dag samfélagið okkar. Skoðað hvar verstöðvar voru hér áður fyrir.

Bókaveisla á Klifi

Nemendur bjóða til bókaveislu á Klifi í tengslum við útgáfu jólabóka á aðventunni. Fjórum til fimm rithöfundum er boðið til bókaveislunnar. Nemendur semja kynningar um höfunda sem þeir lesa upp á Klifi áður en rithöfundar lesa upp úr bókum sínum. Foreldrar nemenda sjá um sölu veitinga ásamt nemendum.

Ferðapjónusta í Snæfellsbæ

Nemendur kynnast ferðapjónustu í Snæfellsbæ og þeim möguleikum sem boðið er upp á fyrir ferðamenn.

Fyrirtæki og störf í Snæfellsbæ

Nemendur afla sér upplýsinga um starfandi fyrirtæki og ýmis störf í Snæfellsbæ og kynna fyrir samnemendum sínum.



Stjórnkerfi Snæfellsbæjar

Vettvangsferð á bæjarskrifstofuna, nemendur hitta bæjarstjóra / bæjarritara og fá fræðslu um stjórnsýsluna.

Minn staður og vorferð

Minn staður í Snæfellsbæ er verkefni um upphaldsstað hvers og eins nemanda í Snæfellsbæ sem þeir kynna í vorferðalagi bekkjarins.

Gönguleið í Snæfellsbæ

Farnar fjölbreyttar gönguleiðir að vori í 7. - 10. bekk.

Snæfellsjökull

Lokaferð á Snæfellsjökul í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækið Glacier Paradise.

Helstu örnefni:

- o Gufuskálar
- o Snæfellsjökull
- o Tindarnir þrír á Jöklinum nefnast Þúfurnar, vestur – mið- og norðurþúfa.